



Reykjavík, 18. desember 2020
SFS2020120043
198. fundur
HG/sp

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Flokks fólksins um hvort að börn hafi þurft að hætta á frístundaheimili á haustönn 2020

Á 197. fundi skóla- og frístundaráðs, 8. desember 2020 lagði skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort það séu dæmi um það að börn hafi þurft að hætta á frístundaheimili vegna þess að foreldrar hafi ekki haft efni á að greiða gjöldin og af einhverjum ástæðum ekki fengið aðstoð með greiðslur? Ef svo er, hvað eru þau börn mörg? Einnig er spurt hvort það séu dæmi þess að foreldrar hafi valið að láta barn sitt hætta á frístundaheimili vegna skuldar frekar en að láta frístundakort barnsins ganga upp í skuld frístundaheimilis?

Svar:

Frá september 2020 hafa verið sendar út uppsagnir vegna vanskila á frístundavistun 39 barna. Foreldrar tíu barna hafa ekki brugðist við, þ.e. greitt vanskil, gert samning um vanskil eða óskað eftir aðstoð þjónustumiðstöðvar og uppsögn á dvalarsamningi þeirra um frístundavistun hefur því tekið gildi. Uppsögn hjá þrem börnum tók gildi 30. nóvember 2020 og hjá 7 börnum 31. desember 2020.

Forsenda aðstoðar þjónustumiðstöðvar er sú að foreldri sæki um slíka aðstoð sjálfur. Leiðir til að uppsögn verði afturkölluð eru kynntar foreldrum bæði í tölvupósti sem sendur er til foreldra vegna uppsagnarinnar og fjármálastjórar frístundamiðstöðva hafa samband við foreldra símleiðis og kynna foreldrum leiðir til að uppsögn verði afturkölluð.

Skóla- og frístundasvið hefur ekki aðgang að stöðu frístundakorta barna og hefur því ekki upplýsingar um það hvort þessi börn eiga eitthvað eftir óráðstafað af frístundakortinu. Persónuverndarlög heimila ekki að miðla slíkum upplýsingum milli sviða.